



Fréttabréf Naustaskóla

10. tölublað, 7. árgangur, 3. nóvember 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Gangbrautavarsla

Við minnum á að við höfum nú fært gangbrautavörsluna við Kjarnagötuna aðeins, frá innkeyrslunni á bílastæðið og að tröppunum aðeins sunnar. Við biðjum foreldra sem búa vestan Kjarnagötunnar að benda börnum sínum á að nota þessa gangbraut..

Bókavika

Vikuna 24.-28. nóvember höfum við bókaviku. Þá ætlum við að beina athyglinni að bókum og lestri yfirhöfuð og hvetjum til að börnin komi með bækur að heiman til að lesa, kynna fyrir öðrum nemendum o.s.frv. Á sama tíma hefst svo undirbúningur fyrir upplestrarkeppni í 7. bekk, en það er árlegur viðburður í tengslum við Dag íslenskrar tungu sem er 16. nóvember ár hvert.

Allir að lesa - upphátt og í hljóði.....!!



Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

Kæra skólasamfélag

Nóvembermánuður er genginn í garð og þá ber hæst hjá okkur sjálfa árs hátíð Naustaskóla sem haldin verður fimmtudaginn 20. nóvember. Við höldum svipuðu fyrirkomulagi og undanfarin tvö ár, höfum þrjár sýningar þar sem systkinum er raðað á sömu sýninguna til að einfalda líf fjölskyldnanna. Við auglýsum hópaskiptingar og tímasetningar á árs hátíðinni innan nokkurra daga en vonumst að sjálfsgöðu til að sjá sem allra flesta í hátíðarskapi. Við minnum einnig á morgunkaffi stjórnenda sem verður í síðustu viku mánaðarins, upplýsingar um það má finna á baksíðu fréttabréfsins. Annars er bara allt prýðilegt að fréttu úr skólanum, og rúmlega fjórðungur skólaársins að baki enda flýgur tíminn sannarlega þegar maður skemmtir sér!

Bestu kveðjur úr skólanum, Ágúst Jakobsson, skólustjóri

Hugleiðingar um mikilvægi jákvæðs hugarfars gagnvart skólanum og náminu

Hugarfar hefur mikil áhrif á líðan og árangur í tengslum við nám. Mikilvægt er að tileinka sér jákvætt hugarfar gagnvart námsgreinum, kennurum, skólanum og sjálfum sér sem námsmánni. Ef það tekst er líklegt að manni líði vel og hafi orku til að takast á við námið.

Ágreining við starfsfólk, samnemendur eða aðra í skólanum skal reyna að nálgast með því hugarfari að reyna að leysa málið. Mikilvægt er að skoða slík mál af hlutlægni og sanggirni og stuðla að því að leysa þau frekar en að hlaða upp neikvæðum tilfinningum sem hindra námið.

Ef manni finnst námsgrein pirrandi eða finnst hún erfið er mikilvægt á sama hátt að reyna að vinna að lausn sem leiðir til bætts árangurs. Ein leið er að eyða meiri tíma í greinina og einsetja sér að yfirstíga erfiðleikana. Reyna að hugsa um að ná tökum á greininni og forðast hugsanir í þá veru að maður geti aldrei skilið þetta, hati greinina o.s.frv.

Síðast en ekki síst er bráðnauðsynlegt að hafa trú á hæfileikum sínum og getu til að takast á við nám, bæði í greinum sem vekja áhuga og eru auðveldar viðfangs og greinum sem manni finnst erfiðar. (Byggt á kafla úr námsefninu Námstækni á <http://vefir.nams.is/namstaekni>)

Jákvæður agi - foreldranámskeið

Dagana 18. og 25. nóvember kl. 19:30-21:30 verður haldið foreldranámskeið um uppeldisstefnuna Jákvæðan aga. Námskeiðið er opið foreldrum barna í

Naustaskóla og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Markmiðið með námskeiðinu er að foreldrar kynnist þeirri stefnu sem skólinn byggir starf sitt á og geti einnig nýtt sér hugmyndafræðina heima fyrir. Skráning á námskeiðið fer fram með því að senda tölvupóst á netfangið anitaj@akmennt.is



Naustaskóli fær nýtt málverk

Guðbjörg Ringsted afhenti nú nýverið Akureyrarkaupstað að gjöf málverkið Flögrandi (90x90 sm) sem þakklátisvott fyrir þann heiður sem henni var sýndur með því að hafa verið valinn bæjarlistamaður 2012-2013. Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri veitti verkinu viðtöku á Listasafninu á Akureyri en málverkinu hefur þegar verið valinn staður í Naustaskóla.

Guðbjörg sagði við þetta tækifæri meðal annars að titillinn bæjarlistamaður hafi verið henni talsverð lyftistöng og auðveldað henni að koma sér á framfæri sem listamanni. Við í Naustaskóla þökkum einnig fyrir þann sóma sem okkur er sýndur með því að okkur er falið þetta fallega verk til varðveislu.



Skólareglur - viðmið um viðbrögð við óæskilegri hegðun

Eins og kynnt var í síðasta fréttabréfi fór sl. vetur fram vinna við að búa til skólasáttmála og leiðbeinandi verkferla fyrir starfsfólk um viðbrögð við óæskilegri hegðun nemenda. Í því fréttabréfi birtum við skólasáttmálann en hér á eftir má sjá þau viðmið sem við höfum sett okkur um viðbrögð, þar sem við skiptum óæskilegri hegðun upp í þrjú stig.

STIG 1 - minniháttar feilsþor frá skólasáttmála eða bekkjarsáttmála.

Dæmi um hegðun á stigi 1

Seinagangur og droll (þ.m.t. seintkomur í kennslustund), að fara illa með eigin sínar eða annarra, ljótt orðbragð, að virða ekki sín eigin mörk og annarra, að leika sér að eignum og/eða tilfinningum annarra, að gera grín að öðrum, að hafa ekki stjórn á höndum og fótum, að virða ekki skóla- eða bekkjarsáttmála, að virða ekki reglur í skólabíl, að vera óhreinskilinn eða sýna öðrum óvild, að missa stjórn á sér, að geta ekki farið eftir leiðbeiningum, að ganga illa um umhverfið, að mæta án nauðsynlegra gagna.

Viðbrögð við hegðun á stigi 1

Þeir sem eru að vinna með barninu á þeim tíma sem hegðunin á sér stað taka á málinu.

Ástæðulaust að vísa málinu til annarra en seintkomur skulu undantekningalaust skráðar í mentor.

Rætt við nemandann, farið yfir reglur, leitað orsaka og bent á að leita lausna.

Rætt við þá sem urðu vitni að hegðuninni ef þörf krefur.

Málið rætt á bekkjarsáttmála ef þörf krefur.

Allt sem rætt er á að vera lausnamiðað.



Lausnir á stigi 1

Allar lausnir sem fundnar eru eiga að vera sanngjarnar, virðingarverðar og rökréttar miðað við hegðunina. Horft er á ástæður hegðunarinnar (unnið samkvæmt töflunni um ástæður mismunandi hegðunar) og allir hlutaðeigandi samþykkja að vinna að lausninni.

Dæmi um viðeigandi lausnir:

Nemandi finnur lausnir með aðstoð lausnahjólis eða verkfæra á lausnastað, fær aðstoð við lausnaleit með hugstormun á bekkjarsáttmála fundi, félagsstuðningur, hlutverkaleikur, samkomulag um breytta hegðun, skriflegur samningur, farið reglulega yfir skólasáttmálann/ bekkjarsáttmálann, VAL.

STIG 2 - endurtekin eða stigvaxandi hegðun á stigi 1 og/eða brot á samkomulagi á lausnum vegna hegðunar á stigi 1.

Viðbrögð við hegðun á stigi 2

Þeir sem eru að vinna með barninu á þeim tíma sem hegðunin á sér stað taka á málinu og stöðva hegðunina og/eða vísa málinu jafnframt til umsjónarkennara og tryggja að það sé skráð í mentor. Mál skal skráð frá fyrstu hendi ef þess er kostur. Foreldrar upplýstir með því að senda tilkynningu í gegnum mentorkerfið eða með símtali. (Ef seintkomur eða mætingar án gagna eru orðnar fleiri en 10 skal umsjónarkennari hringja í foreldra, ef þær fara yfir 20 skal boðað til fundar og upplýsa stjórnendur um málið)

Jafnframt því sem unnið er að lausn með nemanda og foreldrum þurfa starfsmenn að nýta töfluna um mismunandi ástæður hegðunar til að meta orsakir hegðunar og ákveða sínar ráðstafanir.

Eftir atvikum skal ennfremur athuga eftirfarandi: Bekkjarstjórnun, uppröðun í stofu, skipulag kringum nemandann, hvort fyrirmæli eru nógu skýr o.s.frv. Hvort nemandi sé með verkefni við hæfi og hvort hægt sé að mæta þörfum hans betur. Hvort breyting hafi orðið á fjölskylduhögum eða aðstæðum nemanda.

Lausnir/viðurlög á stigi 2

Sjá lausnir á stigi 1 en nú þarf að gæta þess að lausn sé örugglega valin, umsjónarkennari, nemandi og foreldrar séu meðvitaðir um lausnina og hún sé skráð.

Dæmi um viðeigandi lausnir eða viðurlög:

Sjá stig 1 en auk þess má grípa til eftirfarandi: Boða til fundar með nemanda og foreldri, samskiptabók eða regluleg samskipti milli heimilis og skóla, forráðamaður mætir með nemanda í skólann, lausnaleit í teymi nemandans, tékk-inn/út, nýta einveru (þankakrika), tímabundinn réttindamissir (t.d. frímínútur) ráðgjöf frá náms- og starfsráðgjafa, tengslakönnun, teymi um nemandann, máli vísað til nemendaverndarráðs, tilvísun send til sérfræðipjónustu.

STIG 3 - alvarlegt brot á skólasáttmála og/eða bekkjarsáttmála og alvarlegur hegðunarvandi.

Dæmi um hegðun á stigi 3

Ofbeldishneigð, slagsmál, dónalegt orðbragð, sýnilegir fordómar, kynferðisáreiti, einelti, þvinganir og ógnanir, skemmdarverk, þjófnaður, neysla tóbaks eða vímuefna, augljós óvirðing eða ögrun, stórfelld truflun, viljandi eða meiriháttar skemmdir og misnotkun á eignum annarra, skróp af ásetningi.

Viðbrögð við hegðun á stigi 3

Nemanda er vísað til skólustjórnenda þar sem eftirfarandi á sér stað:

Nemandi situr og jafnar sig eins lengi og með þarf.

Stjórnendur fá nákvæmar upplýsingar um hvað gerðist frá hlutaðeigandi aðilum.

Hringt er í foreldra og þeir upplýstir um málið og hver næstu skref verða eða boðað er til fundar og gerð sameiginleg áætlun um úrræði. Skráð í Mentor og foreldrum send tilkynning um atvik og lausn.


Lausnir/viðurlög á stigi 3

Sjá lausnir á stigi 1 og 2 en nú skulu foreldrar undantekningalaust upplýstir með símtali eða boðaðir til fundar. Ef sýnt þykir að nemandi geti ekki lokið skóladeginum með góðu móti eru foreldrar beðnir um að sækja nemandann.

Dæmi um viðeigandi lausnir eða viðurlög:

Sjá stig 1 og 2 en auk þess má grípa til eftirfarandi: Áminning, tímabundin brottvísun úr kennslustundum eða skóla, missir réttinda, vísun til nemendaverndarráðs, tilvísun send til sérfræðiþjónustu s.s. kennsluráðgjafa, skólasálfræðings, fjölskylduráðgjafa, PMT / PMTO eða barnaverndar, sótt um skólavist í Hlíðarskóla.

Þegar brugðist er við hegðun og viðbrögð eða viðurlög ákveðin skulu höfð til hliðsjónar ákvæði reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Nóvember 2014

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
2	3 Ofnbakaður fiskur í blaðlaukssósu, hrísgrjón og gúrka. Ávextir.	4 Kjötbollur í brúnni, kartöflur, grænar baunir og salatbar. Ávextir. Opíð hús 8-10b	5 Steiktur fiskur, kartöflur, salat og súr-mjólkursósa. Ávextir.	6 Súrsætur grísapott-réttur, hrísgrjón og paprika. Ávextir	7 Kjúklingapasta og salatbar. Ávextir. Rugludagur	8
9	10 Fiskur í mangósósu, hrísgrjón og salat. Ávextir.	11 Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir. Opíð hús 8-10b	12 Fiskibollur, kartöflur, heit tómatsósa og salatbar. Ávextir.	13 Grænmetislasagna, hrísgrjón og paprika. Ávextir. Opíð hús 5.-7. kl. 16:00 -17:30	14 Hrísgrjónagrautur, slátur og salatbar. Ávextir. Hátíð á unglingsstigi í tilefni af degi ísl. tungu	15
16 Dagur íslenskrar tungu	17 Ofnbökuð bleikja, hrísgrjón, salat og piparostasósa. Ávextir.	18 Svikinn héri, kartöflur, gúrka og brún sósa. Ávextir. Opíð hús 8-10b	19 Fiskipottréttur, hrísgrjón og paprika. Ávextir.	20 Lambasteik og meðlæti. Ávextir. ÁRSHÁTÍÐ NAUSTASKÓLA - nánar auglýst síðar....	21 Grænmetisúpa, brauð og salatbar. Ávextir. Snakk- og bíódagur, skóla lýkur kl. 12:00	22
23	24 Fiskbúðingur, kartöflur, rifnar rófur og kryddjurtasósa. Ávextir Bókavika Morgunkaffi með stjórndum - 1.b.	25 Gúllassúpa og salatbar. Ávextir. Morgunkaffi með stjórndum - 2.-3.b. Opíð hús 8-10b	26 Grænmetisbuff, hrísgrjón, gúrka og sólskinsdressing. Ávextir. Morgunkaffi með stjórndum - 4.-5.b.	27 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör. Ávextir. Morgunkaffi með stjórndum - 6.-7.b.	28 Kjötréttur, kartöflustappa og salatbar. Ávextir. Rauður dagur Morgunkaffi með stjórndum—8.-10.b.	29

Morgunkaffi með stjórndum

Í síðustu viku nóvembermánaðar bjóðum við upp á svokallað "morgunkaffi með stjórndum". Það þýðir að kl. 8:10-09:00 á ákveðnum dögum verður heitt á könnunni á kaffistofu skólans og þar verða stjórndur til viðtals fyrir foreldra nemenda í ákveðnum námshópum. Þarna er ætlunin að hafa frekar óformlegt spjall um skólastarfið og fá fram sjónarmið foreldra um það sem vel gengur og það sem betur má fara. Þetta ætti því að vera góður vettvangur fyrir foreldrahópinn til að fá upplýsingar, skiptast á skoðunum og velta fyrir sér starfinu í skólanum okkar. Dagsetningar má sjá hér að ofan en við minnum einnig á þessar upptökur þegar nær dregur. Við vonumst eftir að sjá sem flesta í notalegu morgunkaffi.

Muna: Árshátíð skólans verður 20. nóvember– nánar auglýst síðar á heimasíðu og með tölvupóstum....